

Nd.

213. Nefndarálit

[22. mál]

um frv. til l. um námslán og námsstyrki.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt ýtarlega um frv. og ýmist fengið á sinn fundi fulltrúa eða aflað sér álitserða frá höfundum frumvarpsins og samtökum stúðenta heima og erlendis. Álitserðir Stúðentaráðs Háskóla Íslands og Sambands íslenzkra stúðenta erlendis eru birtar sem fylgiskjöl.

Nefndin er sammála þessum aðilum um, að með frv., ef að lögum verður, sé stigið þýðingarmikið spor í rétta átt, enda nauðsynlegt fyrir framtíð þjóðarinnar, að efnilegt æskufólk geti aflað sér þeirrar menntunar innanlands eða utan, sem hugur þess hneigist til.

Nefndin flytur nokkrar breytingartillögur við frumvarpið á sérstöku þing- skjali.

Í 1. gr. er þessi málsgrein: „Lán skulu að jafnaði því aðeins veitt til náms erlendis, að eigi sé unnt að leggja stund á það á Íslandi.“ Leggur nefndin til, að þetta falli niður og þessi stefna verði ekki ákveðin í lögum. Kennsla við lítinn háskóla getur verið einhæf eða mótazt af sérstökum skoðunum eins kennara, og er þá þröngsýni að leyfa ekki einhverjum stúdentum að nema þá grein við aðrar aðstæður. Þá mundi ákvæðið torvela stúdentaskipti, sem nú fara í vöxt. Þótt sýnd sé víðsýni í þessum efnum, er engin ástæða til að ætla, að það dragi óeðlilega frá Háskóla Íslands. Stjórn lánasjóðs hefur raunir framkvæmd þessara mál í hendi sér.

Við 2. gr. er gerð sú breytingartillaga, að fulltrúar stúdentanna heima og erlendis verði skipaðir til tveggja ára, en ekki fjögurra, eins og aðrir í stjórninni, og er það af augljósum ástæðum.

Breytingartillaga við 4. gr. er nánast leiðrétting.

Við 5. gr. eru þrjár breytingartillögur. Sú fyrsta þarf ekki skýringar. Önnur er á þá lund, að fellt verði úr frumvarpinu ákvæði um, að setja skuli tryggingu fyrir skuldum. Telur nefndin rétt, að stjórn sjóðsins ákveði eftir aðstæðum, hvort og hvernig trygginga verði krafizt. Er sérstaklega haft í huga, að þetta atriði valdi ekki efnalitlum námsmönnum sérstökum erfiðleikum. Loks er sú breytingartillaga við 5. gr., að við greinina bætist ákvæði þess efnis, að látist námsmaður eða verði öryrki, verði lán hans óafturkræf. Þessari reglu hefur verið fylgt til þessa, en rétt þykir að setja hana í lög.

Brtt. við 8. gr. er sama efnis og tillagan við 1. gr.

Við 9. gr. er gerð sú brtt., að miða skuli við próf eftir 4 ára nám hið skemmsta í stað 5 ára, eins og segir í frv., er styrkt sé framhaldsnám. Þykir rétt að stytta þennan tíma, þar sem áhugi er á að stytta háskólanám yfirleitt, m. a. með lengra skólaári, og eru uppi áform í þá átt í einstökum deildum Háskóla Íslands.

Nefndin er sammála um afgreiðslu málsins með þeim brtt., sem hún flytur, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja frekari breytingum.

IG var fjarstaddur lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. febr. 1967.

Benedikt Gröndal,
form., frsm.

Axel Jónsson,
fundaskr.

Sigurvin Einarsson.

Einar Olgeirsson.

Guðl. Gíslason.

Gunnar Gíslason.

Fylgiskjal I.

Álit Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

Í tilefni af frumvarpi til laga um námslán og námsstyrki, sem háttvirt menntamálanefnd hefur nú til athugunar, leyfir Stúdentaráð Háskóla Íslands sér að senda yður eftirfarandi ályktun sína, gerða á fundi í ráðinu þann 28. nóv.:

„SHÍ fagnar þeirri stefnu, sem tekin er upp í frumvarpinu samkv. 2. gr. Þá fagnar SHÍ einstökum nýmælum, sem fram koma í frumvarpinu, og bendir þar m. a. á, að gert er ráð fyrir, að deildaskipting milli námsmanna hérlendis og erlendis verði felld niður, að lánin greiðist með jöfnum ársgreiðslum og að stofna skuli til kandidatastyrkja.

SHÍ vill þó gera örfáar athugasemdir við frumvarpið og beinir þeim til Alþingis:

1. SHÍ leggur til, að fulltrúi þess verði skipaður til tveggja ára í senn í stað eins árs, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Er það í samræmi við lög SHÍ, en meðlimir stúdentaráðs eru kjörnir til tveggja ára í senn, og þykir það árangursríkara en skemmra kjörtímabil.

2. Þá vill SHÍ gera athugasemd við 4. lið 4. greinar. SHÍ álitur, að skilyrði þess, að náð verði markmiði 2. greinar frumvarpsins, séu réttar og nákvæmar upplýsingar um raunverulegan námskostnað á hverjum tíma. Því telur SHÍ, að fastar þurfi að kveða að orði um skyldu sjóðsstjórnar til gagnasöfnunar og kostnaðarkannana.
3. Við 9. grein frumvarpsins þykir SHÍ rétt að gera eftirfarandi athugasemd: Gert er ráð fyrir í þessari grein, að 5 ára nám hið skemmsta fyrir lokapróf sé skilyrði styrks, en að öðrum kosti skuli námsmönnum heimilt, taki námið skemmri tíma, að njóta lána, þar til 5 ára markinu er náð. SHÍ bendir á í þessu sambandi, að samkvæmt nýjum reglugerðum fyrir B.A.-deild og viðskiptafræðideild er gert ráð fyrir, að námið taki ekki nema 3—4½ ár í þeirri fyrrnefndu, en 4—6 ár í þeirri síðarnefndu. Af þessum orsökum telur SHÍ eðlilegt, að markið verði fært niður í 4 ár. En um leið vill SHÍ benda á, að mikill áhugi er á því í háskólanum að lengja skólaárið og stytta þar með heildarnáms-tímann. Kann því svo að fara, að ákvæði 9. greinar verði úrelt innan örfárra ára.

Að lokum vill SHÍ taka eftirfarandi fram: Samkvæmt útreikningi nam samantölögð námsaðstoð við námsmenn erlendis skólaárið 1965—66 47% af allri umframfjárförf þeirra. Á sama tíma mun aðstoðin hafa numið 28% af umframfjárförf námsmanna við Háskóla Íslands. Er því ljóst, að stórauka þarf framlag ríkisins til námsaðstoðar, eigi að komast nálægt markmiði frumvarpsins samkv. 2. grein.

SHÍ álitur það þjóðfélaginu hagkvæmast, að heildarnámstími stúdenta sé sem skemmstur, en þjóðfélagið verði þá að hlaupa undir bagga með stúdentum, svo að þeim sé fjárhagslega kleift að stunda nám sitt.“

Stúdentaráð vonast til, að þessar athugasemdir verði teknar til vinsamlegrar athugunar af háttvirtri menntamálanefnd.

Virðingarfyllst,

Skúli G. Johnsen.

Fylgiskjal II.

Álit Sambands íslenzkra stúdenta erlendis.

SÍSE, Samband íslenzkra stúdenta erlendis, fagnar frumvarpinu í heild og telur, að hér sé stigið spor til framtíðarlausnar á málum íslenzkra námsmanna heima og erlendis, þótt of skammt sé gengið.

SÍSE fagnar einstökum nýmælum, sem eru í frumvarpinu, og má þar m. a. nefna afnám deildaskiptingar milli námsmanna heima og erlendis og kandidatastyrki.

Helztu breytingartillögur SÍSE eru þessar:

- 1) 1. grein. Að því er varðar námsmenn, er nema greinar, sem unnt er að leggja stund á við Háskóla Íslands, þá telur SÍSE mjög varhugavert að fella niður lán til þeirra og bendir í því sambandi á eftirfarandi atriði:
 - 1) Ef um er að ræða ófullnægjandi kennslu í greinum við Háskóla Íslands, t. d. tungumálum og sögu, er fارانlegt að fyrirbyggja mönnum nám við erlenda háskóla.
 - 2) „Ef sérstök atvik banna mönnum nám í grein sinni á Íslandi, svo sem aðgangstakmarkanir vegna þrengsla,“ eins og segir í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins, sbr. bls. 8, ætti námsmaður að sjálfsögðu að fá lán og styrki samkvæmt frumvarpinu.
 - 3) Í framkvæmd mundi grein þessi hamla stúdentaskiptum milli Íslands og annarra landa, sem færast nú mjög í aukana, bæði milli Evrópulanda innbyrðis og Evrópu og Ameríku.

- 4) Vegna aukins kostnaðar við nám erlendis munu íslenskir námsmenn frekar stunda nám sitt hérlendis, ef kostur er, og því vart við að búast, að straumur íslenskra stúdenta til erlendra háskóla aukist mjög af þessum sökum.
- 5) SÍSE telur, að grein þessi mundi í framkvæmd fremur hindra samkeppni milli Háskóla Íslands og erlendra háskóla.
- 2) 2. grein. Það er skoðun SÍSE, að aðstoð við námsmenn verði ekki komin í viðunandi horf, fyrr en 100% umframfrjárþarfar verða greidd af opinberri hálfu. Er það og stefna sú, sem mörkuð er í 2. grein.

SÍSE fer fram á, að sett verði skýr ákvæði um það í 2. grein, hvenær markmiði því, sem þar er sett, skuli náð í síðasta lagi.

- 3) 3. grein. SÍSE leggur til, að fulltrúi þess verði skipaður til tveggja ára í stað fjögurra, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Nauðsynlegt er, að fulltrúi SÍSE í stjórn Lánasjóðs haldi stöðugu sambandi bandi við stúdenta og hagsmunabarátu þeirra. Telur stjórn SÍSE því rétt, að henni gefist kostur á að kjósa fulltrúa sinn í nefndina á tveggja ára fresti.

- 4) 4. grein. Könnun á umframfjárþörf: SÍSE telur, að fastar þurfi að kveða að orði um skyldu sjóðstjórnar til gagnasöfnunar og könnunar á umframfjárþörf. Skilyrði þess, að markmiði 2. greinar frumvarpsins verði náð, eru réttar og nákvæmar upplýsingar um námskostnað á hverjum tíma og stað. SÍSE telur, að á minnst tveggja ára fresti þurfi að fara fram nákvæm könnun á námskostnaði og umframfjárþörf. Við útreikning á hugsanlegum tekjum námsmanna þarf m. a. að taka tillit til dvalarkostnaðar í leyfum.

- 5) 5. grein. SÍSE fer fram á, að skuldabréfum og tryggingu námsmanna fyrir greiðslu lána verði sleppt, en upp verði tekin ríkisábyrgð á námslánunum.

SÍSE bendir á, að skv. frumvarpinu er gert ráð fyrir, að niður falli úr lögum, að Lánasjóður sé sjálfseignarstofnun, þar sem fjáröflun hans er háð árlegum fjárveitingum á fjárlögum. Telur SÍSE það óþarfa skriffinnsku, að lán-tökum sé gert að gefa úr skuldabréf og setja tryggingu fyrir greiðslu lána. Einnig bendir SÍSE á, að efnalitlir námsmenn eiga oft erfitt með að fá ábyrgðarmenn og að námsmönnum yfirleitt veldur skuldabréfafyrirkomulagið talsverðum töfum á því, að fjárhagsaðstoðin komist til þeirra. Ríkið hefur einnig öll nauðsynleg tæki til að innheimta útistandandi skuldir.

Þá fer SÍSE fram á, að sett verði í 5. grein frumvarpsins ákvæði um, að lán námsmanna, sem látast, örkuðast eða missa tekjuöflunarhæfni, verða óafturkræf.

Það hefur að visu tíðkapt í framkvæmd, að lán séu þá ekki innheimt, en engu að síður, og einmitt af þeim sökum, er sjálfsagt að setja það í lög.

- 6) 12. grein. Um heimild sjóðstjórnar til lántöku: Að áliti SÍSE er þetta grundvallarskilyrði fyrir því, að markmið það, sem sett er í 2. grein frumvarpsins, náist í náinni framtíð, og er því í fullu samræmi við stefnu þá, sem frumvarpið markar. Það er og eðlilegt, að ríkissjóður greiði vexti af því fé, sem á skortir, að veitt sé á fjárlögum til þess að framkvæma þá námsaðstoð, sem ríkisstjórn og Alþingi hafa ákveðið.
- 7) Úthlutunarreglur. Gert er ráð fyrir, að lán til námsmanna á 1. ári nemi 30% af umframfjárþörf og hækki síðan upp í 80% á 5., 6. og 7. námsári. Þetta hækkar vissulega námslán fyrir þá, sem eldri eru, en fyrir 1. árs menn lækka lánin frá því, sem nú er, samkvæmt úreikningi okkar.

Fer því SÍSE fram á, að námslán á 1. ári nema minnst 50% af umframfjárþörf í stað 30%. Enn fremur, að námslánin stíghækki upp í 100% umframfjárþarfar seinni námsáranna.

Með frumvarpi þessu er stigið skref í rétta átt, en SÍSE gerir sér full grein fyrir, að það þyrfti að vera stærra, en telur það verkefni þessa þings og komandi þinga að bæta úr einstökum atriðum eftir nákvæma rannsókn, t. d. varðandi fjárhagsaðstoð við námsmenn, sem þegar hafa stofnað eigin heimili (þriðjungur skv.

könnun Þóris Bergssonar). Einnig telur SÍSE, að rétt gæti verið að úthluta lánsfé og styrkjum mánaðarlega yfir allt skólaárið, eins og tíðkast í mörgum löndum, t. d. Frakklandi og Þýzkalandi. SÍSE bendir einnig á, að brýn nauðsyn er, að tekið verði fullt tillit til þarfa listnema, þannig að þeir standi ekki utangarðs, er aðrir fá fjárhagsaðstoð af opinberri hálfu. Stjórn Lánasjóðs gæti leitað til sérfróðra aðila til að dæma um „styrkhæfni“ námsins. Einnig kemur til greina, að stofnaður verði sérstakur sjóður á vegum ríkisins til að styrkja listnema.

Hvað snertir formið á aðstoð hins opinbera við námsmenn, hvort hún skuli vera styrkir eða lán, þá væri að visu æskilegt, að stærri hluti fjárhagsaðstoðarinnar fælist í styrkjum en nú er gert ráð fyrir, en vissulega er aðalatriðið, jafnt fyrir íslenzku þjóðina sem námsmenn hennar, að opinber aðstoð nægi hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði.

Um fjárveitingu ríkisins til Lánasjóðs.

Ef reiknuð er út raunveruleg hækkun fjárveitinga til stúdenta, þ. e. þegar reiknað hefur verið með framlagi vegna fjölgunar námsmanna, útvíkkunar lánakerfisins og verðlagshækkana, þá er hækkunin aðeins 1.7 milljónir króna.

Heildaraðstoðin við námsmenn í ár er 20.1 millj. kr. eða 38% af umframfjárbörfinni. Árið 1967 er hún 29.8 millj. kr. eða 46%. Því skortir 54% á, að umframfjárbörfinni sé mætt eða með öðrum orðum skortir 35 millj. kr. framlag. Hvernig eiga námsmenn að mæta því, sem á skortir? Verða þeir að reiða sig á aðstoð foreldra sinna og almennan lánamarkað til að afla umframfjárins alls?

Ef tekið væri tillit til hjúskapar stúdenta, þyrfti aðstoðin að vera 80 millj. kr. eða um 2% af fjárlögum.

Að lokum má minna á, að stúdentar greiða á 5 árum 20 000 kr. til almannatrygginga, á sama tíma og þeir fá í styrk frá ríkinu 38 000 kr.

Þessi ályktun var samþykkt af fullskipaðri stjórn Sambands íslenzkra stúdenta erlendis 2. janúar 1967.

Gylfi Ísaksson. Ólafur Einarsson.